

Skýrsla stjórnar Samtaka sprotafyrirtækja Lögð fram á aðalfundi 18. mars 2021

Ágætu félagsmenn.

Nú er 16. starfsári Samtaka sprotafyrirtækja, SSP, sem voru stofnuð 2. júní 2004, lokið. Markmiðið með stofnun SSP var að vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniðnaðar á Íslandi. SSP er starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins (SI).

Miðað er við þá skilgreiningu að sprotafyrirtæki séu fyrirtæki sem sprottin eru upp úr rannsókna- eða þróunarverkefnum einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknarstofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi á því sviði sem viðkomandi fyrirtæki starfar á.

Miðað er við að fyrirtækin séu hlutafélög (hf.), einkahlutafélög (ehf.) eða samvinnufélög (sf.) og að:

- Þróunarkostnaður fyrirtækjanna sé að jafnaði a.m.k. 10% af veltu þegar horft er til yfirstandandi starfsárs og þriggja síðustu ára.
- Þá er gert ráð fyrir að fyrirtæki hætti að teljast sprotafyrirtæki þegar þau hafa náð veltu sem nemur einum milljarði króna á ári eða verið skráð í aðallista kauphallar.

Fyrirtæki innan SSP eru góður þverskurður tækni- og hugverkafyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum, s.s. upplýsingatækni, leikjaiðnaði, líftækni, orku- og umhverfistækni, heilbrigðisiðnaði/tækni, matvælatækni, véltækni og byggingartækni. Í SSP eru á fimmta tug fyrirtækja sem falla undir áður nefnda skilgreiningu.

Stjórn SSP 2020

Í stjórn SSP voru eftirfarandi aðilar kjörnir á síðasta aðalfundi 5. febrúar 2020:

Formaður

- Íris Ólafsdóttir, Kúlu 3D ehf.

Til tveggja ára:

- Stefán Baxter, Quick Lookup ehf.
- Kolbrún Hrafnkelsdóttir, Florealis ehf.

Til eins árs:

- Fida Abu Libdeh, geoSilica ehf. (FAL)
- Kristinn Aspelund, Ankeri Solutions ehf.
- Guðmundur Óskarsson, MyTweetAlerts ehf.
- Salóme Guðmundsdóttir, Icelandic Startups



Viðskiptastjórar voru Nanna Elísa og Edda Björk Ragnarsdóttir. Sigríður Mogensen brúaði bilið í fæðingarorlofum þeirra.

Helstu þættir í starfsemi SSP 2021

Að baki er viðburðaríkt ár í starfi Samtaka sprotafyrirtækja þar sem samfélagsábyrgð, heimsmarkmiðin og stuðningsumhverfi nýsköpunar fléttast saman.

Aðalfundur 5. febrúar

Áherslur aðalfundar voru í takt við auknar áherslur SSP á umhverfismál, samfélagsábyrgð og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Sigurður Hannesson ávarpaði fundinn og sagði frá ári nýsköpunar, Hrund Gunnsteinsdóttir hjá Festu hélt áhugavert erindi um samfélagsábyrgð fyrirtækja og Sigurður Markússon hjá Landsvirkjun talaði um óþrjótandi möguleika Íslands í matvælaframleiðslu og litlu umhverfisspori hennar. Kristinn Aspelund sagði svo frá áherslum um samfélagsábyrgð hjá Ankeri.


Um mánuði síðar barst heimsfaraldurinn til Íslands og voru Samtök sprotafyrirtækja með skýr skilaboð til stjórnvalda um hvernig best megi bregðast við til að styðja við nýsköpun og skapa störf.

Tillögur SSP til að bregðast við yfirvofandi efnahagsþrengingum vegna Covid-19

11. mars - Grein í Kjarnanum: „Þetta er leiðin“

Í grein sem birt var í Kjarnanum 11. mars var talað um þörfina á að draga úr flugumferð og neyslu til að koma í veg fyrir hamfarahlýnun, sem aftur veldur kólnun í hagkerfinu, en búist var við samdrætti vegna Covid 19 og spáð var að útflutninstekjur myndu minnka um 7,7%. Formaður SSP benti á lausnina sem seðlabankastjóri telur mikilvægasta til að auka hagvöxt, en það er frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun (en ekki mengandi iðnaður). Bent var á að beinast liggi við að styrkja Tækniþróunarsjóð um 5-10 milljarða, en með þeirri aukningu væri hægt að ná viðunandi árangurshlutfalli í úthlutun styrkja. Þá var bent á hvernig stöðugt stærra hlutfall umsókna með A einkunn er hafnað vegna vanfjármögnunar sjóðsins. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir að framlög lækkuð um 50 milljónir á ári eins langt og áætlunin nær, á sama tíma og sjóðnum hefur aldrei borist fleiri umsóknir. Þróunin síðustu 3 ár var skoðuð sem sýndi að styrkhlutfall framúrskarandi verkefna, með A einkunn, fór úr 43% árið 2017 niður í 27% 2019. Það þýðir að 73% af bestu hugmyndunum sem sjóðnum bárust var hafnað, samtals 178 verkefnum [þetta var þó ekkert miðað við það sem var í uppsiglingu]. Bent var á að styrkir til nýsköpunar eru ekki ölmusa, heldur fjárfesting í framtíðinni þar sem hinn nýji hagvöxtur tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Hér er hlekkur á greinina: <https://kjarninn.is/skodun/2020-03-11-thetta-er-leidin/>



Mynd 1: Fjöldi umsókna með A einkunn sem hlutu styrk (bleitt) og var hafnað (blátt). Árið 2019 var 178 verkefnum með A einkunn hafnað og hafði hlutfallið aldrei verið hærra. Grafið var birt í Kjarnanum 11. mars 2020.

Samtök sprotafyrirtækja ræddu aðgerðir til að auka atvinnusköpun og verja nýsköpunarfyrirtæki til að bregðast við yfirvofandi efnahagsþrengingum vegna kórónuveiru. Hringt var í félagsmenn til að heyra

hvaða aðgerðir þeir teldu að hefðu jákvæðust áhrif fyrir þeirra fyrirtæki og sprotaumhverfið og var fólk samhljóma. Samtökin lögðu mikla áherslu á að þeir innviðir sem væru til núþegar yrðu nýttir til að bregðast sem hraðast við. SSP lögðu síðan til við SI að eftirfarandi tillögum að aðgerðum yrði komið til stjórnvalda:

1. Stórauka fjárframlög í Tækniþróunarsjóð og gera hann kvikari
2. Auka endurgreiðslu vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar upp í 45% upp að 100 milljónum kr. og flýta henni.
3. Auka hvata til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum gegnum skattahvata og gera sprotafyrirtækjum kleift að fá lán t.d. gegnum neyðarúrræðin
4. Nýta núverandi innviði með því að efla Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og koma á mótfjárfestingasjóði fyrir minni sprotafyrirtæki.

Tillögur SSP

að aðgerðum til atvinnusköpunar og stuðnings sprotafyrirtækja



1. Tækniþróunarsjóður efldur

Tryggja að minnst 80% verkefna með A einkunn hljóti styrk og sjóðurinn gerður kvikari

2. Endurgreiðsla vegna R&D aukin

Endurgreiðsla vegna R&D verði 45% upp að 100M og endurgreiðslu flýtt

3. Hvati til fjárfestinga og lána til sprotafyrirtækja

Öll fjárfesting einstaklinga í sprotafyrirtækjum dregst frá skattstofni

Sprotafyrirtæki geti fengið lán m.a. gegnum neyðarúrræðin

4. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins efldur

Bætt í núverandi sjóð og nýr mótfjárfestingasjóður fyrir minni sprotafyrirtæki settur á

Mynd 2: Tillögur SSP að aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bregðast við efnahagsþrengingum vegna Covid-19 sem var birt á Facebook síðu samtakanna.

Hluti þessara skilaboða komust til stjórnvalda sem hluti af sameinaðri rödd SI og SA með glæsilegum árangri en SSP unnu einnig með Viðskiptaráði og endurspegladist boðskapurinn í tillögum þess að aðgerðum til að mæta efnahagsþrengingum vegna kórónuveiru.

29. apríl - Umsögn um frumvarp til frekari aðgerða til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru

Samtök sprotafyrirtækja fögnuðu fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um:

- flýtingu afgreiðslu og hækkun á endurgreiðsluhlutfalli skattfrádráttar vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar [hlutfallið varð hækkað úr 20 í 35% en seinkun varð á afgreiðslu].
- úrræðið „Stuðnings-Kríu“ og bentu á mikilvægi þess að koma fjármagni í umferð sem fyrst
- auknum fjárfestingarheimildum lífeyrissjóðanna til fjárfestinga í VC sjóðum úr 20% í 35%
- að ríkið skuli leggja Tækniþróunarsjóði til 700 milljónir króna aukalega en telur á sama tíma að það væri árangursríkara til atvinnu- og nýsköpunar að styrkja sjóðinn enn frekar.
- auknum stuðningi við sértæk málefni svo sem Matvælasjóð.

12. maí - Grein á Vísí: „Samtök sprotafyrirtækja þakka skrefum stjórnvalda í þágu nýsköpunar.“

Endurgreiðsla vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar var hækkuð úr 20% í 35% og þökkðu SSP fyrir þetta mikilvæga skref í stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki. Samtökin bentu einnig á fjárstreymisvanda sprotafyrirtækja og til að þau geti fengið þessa endurgreiðslu haustið 2021 þurfi þau að geta fjármagnað rannsóknar- og þróunarstarf á þessu ári. SSP mæltu með að nota skjótvirkar aðgerðir, að efla Tækniþróunarsjóð og auka fjárfestingu ríkisins í nýsköpun gegnum Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og síðar gegnum Kríu. Einnig voru stjórnvöld hvött til að gera sprotafyrirtækjum kleift að nýta stuðningsúrræði ríkisstjórnarinnar vegna Covid-19, en fá sprotafyrirtæki gátu nýtt sér þau úrræði. Greinina er að finna á: <https://www.visir.is/g/20201303358d>

Umsagnir SSP um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki Kríu og stuðnings-Kríu

26. mars - Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprot- og nýsköpunarfyrirtækjum

Þessi fyrsta umsögn nýrrar stjórnar var ítarleg og vel rökstudd. SSP fagnaði frumvarpinu og telja það auðvelda fjármögnun sprotafyrirtækja á vaxtarstigi og þar með auka líkur á að þau nái árangri.

Meðal þess sem SSP lögðu til var:

- að í stað þess að ráðherra skipi alla fulltrúa án tilnefningar, að ráðherra skipi einn fulltrúa og að hinar tilnefningarnar komi úr umhverfi sprot- og nýsköpunarsamfélagsins til að auka líkur á faglegri skipan í sjóðinn.
- Að úrræðið megi ekki koma í stað annarra úrræða s.s. Tækniþróunarsjóðs
- Að stjórn sjóðsins fundi oft en einu sinni á ári til að auka samfellu í stofnun VC sjóða.
- að ekki sé settur tímarammi á fjárfestingar Kríu heldur sé meiri áhersla lögð á að Kría hámarki hagnað því til lengri tíma litið skili það sér í meiri fjárfestingu í sprotumhverfinu. Einnig sé mikilvægt að skekkja ekki samkeppnisstöðu annarra sjóða, sem fyrirkomulagið gæti haft í för með sér þar sem fjárfestar eiga að geta keypt hlut ríkisins á undirvirði.
- Að Kría sé hvatakerfi, sem sagt að fyrirkomulagið verði með þeim hætti að sjóðurinn gefi út loforð um fjármögnun, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sem síðan virki hvetjandi á stofnun nýrra sjóða í stað þess að Kría taki umsókn fyrst fyrir þegar sérhæfður sjóður er fullfjármagnaður.

Umsögninni var svo fylgt eftir á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

27. maí - fundur með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprot- og nýsköpunarfyrirtækjum

Íris, Kristinn og Nanna mættu fyrir nefndina.

SSP lýstu áhyggjum yfir að VC sjóðumhverfið á Íslandi færi frá því að ráðast af markaðslögmálum yfir í að vera stýrt af stjórn skipaðri af einum ráðherra á markaði með skekktu samkeppni.

SSP lagði til að ákvæði um að fjárfestum bjóðist að kaupa hlut Kríu á fyrirfram ákveðnum kjörum að ákveðnum tíma liðnum verði fellt út og stefnt sé heldur að því að Kría nái hámarksávöxtun með fjárfestingu sinni. Ákvæði á sennilega að virka sem hvati fyrir fjárfesta til að fjárfesta í nýsköpun en þar með virkar það líka öfugt - að það er letjandi fyrir fjárfesta að setja pening í sjóði sem ekki fá stuðning Kríu og það skekkir samkeppnisstöðu þeirra. Það að ríkið setji pening í Kríu ætti að vera nægur hvati. Einnig er mikill hvati fyrir lífeyrissjóðina að fjárfesta í nýsköpun þegar heimildin verður færð úr 0,5% í 1%. Þá lögðu SSP áherslu á aukna sjálfbærni og áherslum yrði breytt úr því að ríkið megi ekki hagnast á fjárfestingum í sprotafyrirtækjum yfir í að ríkið reyni að hámarka fjárfestinguna til að geta fjárfest enn frekar í nýsköpun.

Tækniþróunarsjóður - samstarf og fjármögnun sjóðsins

SSP áttu í virkilega góðu samstarfi við Tækniþróunarsjóð á árinu. SSP fengu töluvert af gögnum frá sjóðnum og athuguðu nokkra þætti eins og kynjahlutfall umsækjenda miðað við styrkþega og minni

fyrirtækja miðað við stærri fyrirtæki og voru öll hlutföll eðlileg. Styrkhlutfall var skoðað og í ljós kom að það hefur hríðlækkað um margra ára skeið.

Snemma á árinu hófst gagnasöfnun fyrir fyrirtæki sem fengu úthlutun 2009 og var ætlunin að gera skýrslu yfir árangurinn á 10 ára tímabili. Verkefnið var aldrei klárað en til eru viðtöl og gögn sem gefa ágætis mynd af mikilvægi sjóðsins fyrir framgang verkefna, atvinnusköpun, samfélagsleg áhrif og áhrif á nýsköpunarhagkerfið. Hugmyndir eru uppi að vinna úr söfnuðum gögnum verkefnið „Takk Tækniþróunarsjóður“ þar sem styrkþegar með blómleg fyrirtæki þakka fyrir sig og segja frá áhrifum styrksins. Skýrsla sem þessi yrði gagnleg í baráttunni fyrir auknum framlögum í sjóðinn því árangurinn er ótvíræður.

15. október – Fundur með Rannís vegna stefnumörkunar Tækniþróunarsjóðs

Rannís boðaði SSP á fund til að ræða Tækniþróunarsjóð, endurskoðun styrktarflokka og umsóknarferli sjóðsins. Íris og Kristinn fjarfunduðu með fulltrúum sjóðsins, Lýði, Svandísi og Ágústi Hirti og áttu virkilega uppbyggilegt samtalið um málið. SSP kom áherslum og hugmyndum stjórnar á framfæri og fylgdi fundinum eftir með minnisblaði með eftirfarandi tillögum:

- Stytta úrvinnslutíma umsókna til dæmis með tvískiptingu umsóknarferlis
- Að umsóknarfrestur í Fræ sé opinn allt árið
- Að áherslur Tækniþróunarsjóðs sé í auknu mæli á frumkvöðla og sprotafyrirtæki þar sem stuðningur við rótgrónari fyrirtæki sé nú gegnum endurgeriðslu vegna Rannsóknar- og þróunarskostnaðar
- Að úthlutanir sjóðsins verði tíðari, 3 á ári
- SSP sá ekki ástæðu til að breyta fyrirkomulagi styrktarflokka
- Að makraðsstuðningur við sprotafyrirtæki sé endurskoðaður og að sprotafyrirtæki gætu náð mun meiri árnagri með fjölbreyttari stuðningi en fjárhagsstuðningi.
- Að flæði umsóknarforms megi vera meira í takt við hefðbundna kynningu á viðskiptahugmynd og ætti helst að vera í einu skjali.
- Aðrar hugmyndir sneru að gæðastimpli Rannís til verkefna með A einkunn sem ekki hljóta styrk (*seal of excellence*), að hitta teymin, umsóknarskrif ráðgjafa, umsóknarformið og að settur verði á styrktarflokkur sem komi í stað Átaks til atvinnusköpunar sem Nýsköpunarmiðstöð úthlutaði.

Margar af þessum tillögum hafa nú þegar komið til framkvæmda og má búast við að restin verði tekin til greina í breyttu umsóknarferli haustið 2021. Sú tillaga sem sjóðurinn mun ekki verða við að svo stöddu er fjölgun umsóknarfresta, enda var hugmyndin að hún fylgdi auknu fjárframlagi í sjóðinn þar sem viðunandi árangurshlutfall er forsenda tíðari úthlutana.

Ýmis mál

13. maí - fundur með Nýsköpunarsjóði Atvinnulífsins

Íris og Kristinn funduðu með Huld hjá Nýsköpunarsjóði Atvinnulífsins og ræddu þar stuðningsaðgerðir ríkisstjórnarinnar, auknar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna og hvað þurfi til að bæta umhverfi VC sjóða á Íslandi.

29. maí - party

Á ári sem þessu ber að færa til bókar slíkan viðburð, en stjórnin var svo lánsöm að ná að skála fyrir þeim árangri sem hafði náðst til þessa og gerði það almennilega.

27. ágúst – Vaxtarsprotinn 2020

Vaxtarsprotinn var afhendur við fámenna athöfn í Grasagarðinum. Kerecis var valið vaxtarsproti ársins, en velta fyrirtækisins jókst um 142% á milli árána 2018 og 2019. Fyrirtækið framleiðir afurðir byggðar á affrumuðu þorskroði, sem hafa jákvæð áhrif á frumvöxt og eru notaðar til meðhöndlunar á þrálátum sárum og brunasárum, einkum hjá fólki með sykursýki. Carbon Recycling International og Pure

North Recycling, hlutu einnig viðurkenningar fyrir mikinn vöxt í veltu á milli ára. Eftirfarandi fyrirtæki hafa hlotið Vaxtarsprotann:

1. 2007 **Marorka**
2. 2008 **Mentor**
3. 2009 **Mentor**
4. 2010 **Nox Medical**
5. 2011 **Handpoint**
6. 2012 **Valka**
7. 2013 **Meniga**
8. 2014 **DataMarket**
9. 2015 **Kvikna**
10. 2016 **Eimverk**
11. 2017 **Kerecis**
12. 2018 **Kaptio**
13. 2019 **Carbon Recycling International**
14. 2020 **Kerecis**

28. ágúst - Frétt á Ruv: „Þrír milljarðar í nýsköpun - styrkhlutfall aldrei lægra"

RÚV gerði skil á sumarúthlutun Tækniþróunarsjóðs og tók samhliða viðtal við formann Samtaka sprotafyrirtækja sem benti á að þrátt fyrir 700 milljóna viðbótarfjármögnun hafi styrkhlutfall aldrei verið lægra vegna mikillar aðsóknar. Til dæmis fengu aðeins 12 umsækjendur af 186 styrk í styrktarflokknum sprotar eða 6,5%. Bent var á að á síðustu árum hafi framlög til sjóðsins minnkað um 50 milljónir árlega og að við þessa úthlutun hafi árangurshlutfallið náð sögulegu lágmarki. Þarna eru því vannýtt tækifæri til atvinnusköpunar þegar þörfin er hvað mest, störf sem skapast eru vel launuð og áhugaverð störf og verðmætin sem sprotafyrirtæki búa til eru meira en atvinna og gjaldeyristekjur, þau búa til lausnir við margskonar vandamálum.

Slóð: <https://www.ruv.is/frett/2020/08/28/thrir-milljardar-i-nysskopun-styrkhlutfall-aldrei-laegra>

1. september - Nýsköpun og samfélagsábyrgð, Festa

SSP urðu samstarfsaðilar Aðildis sem er *fellowship prógram* í umsjón Festu. Aðildi felur í sér aðild að Festu í eitt ár fyrir 10 sprota eða nýsköpunarfyrirtæki, hönnunarfyrirtæki eða aðila sem spyrja heimspekilega og af erindi til þróunar í heiminum í dag.

1. september - Fundur með fjárlaganefnd

Íris og Kristinn mættu á fund með fjárlaganefnd og lögðu til að Tækniþróunarsjóður yrði fjármagnaður með það í huga að ná að styrkja bestu verkefni. Búið var að reikna út kostnað við að styðja við öll verkefni sem nemur fjölda allra A1-A2 umsókna, í samstarfi við sjóðinn og mundu það vera um 6 milljarðar króna miðað við aukna aðsókn í sjóðinn. Lögð var áhersla á atvinnusköpun styrkjanna og aukin fjölbreytni atvinnuvega.

Fundur með Íslandsstofu

Íslandsstofu var boðið á fund SSP og stuðningsumhverfi sprota var rætt. Jarprúður og Karl kynntu áherslur Íslandsstofu og markaðsúræði fyrir sprotafyrirtæki. SSP kom með hugmyndir að fjölbreyttari stuðningi við markaðssetningu sprotafyrirtækja, en áherslan hefur verið á vörusýningar. Það eru spennandi norræn samstarfsverkefni í farvatninu hjá Íslandsstofu sem verða kynnt á næstunni.

17. september - Fundur með Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

Kolbrún og Íris funduðu með Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Þórdísi Kolbrúnu til að vekja athygli á þeim málum sem brenna helst á hjarta stjórnarinnar. Þar voru sérstaklega ræddar áhyggjur af ströngum skilyrðum Stuðning-Kríu þar sem afleiðingarnar geta orðið þær að frumkvöðullinn missi allt fyrirtækið ef einhverjar eftirstöðvar eru eftir af láninu þremur árum eftir töku þess. Svar ráðuneytisins var að „þetta ætti að vera óþægilegt.“ SSP fannst þessi útskýring ekki réttlæta



mögulegar afleiðingar. Fundinum var fylgt eftir með minnisblaði og samtali um ákvæðið og var ákvörðuninni ekki haggð.

Umsögn Samtaka sprotafyrirtækja um tillögu verkefnishóps um breytingar á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs, mál nr. 145/2020

- SSP fagnar áherslu á faglegri skipan í ráðið og lagði til að fulltrúi fyrirtækja komi úr samtökum aðildarféлага sem byggja á nýsköpun og tækni.
- SSP fagnaði áætlunum um skrifstofu Vísinda- og nýsköpunarráðs og undirstrikaði mikilvægi þess að mæla áhrif nýsköpunar og vísindastarfs á samfélagið og að mælingarnar verði hluti af mælarborði stjórnvalda og hagstjórn.
- SSP fagnaði áætlun um að samræma stuðningsumhverfi vísinda og nýsköpunar og benti á að innan SSP sé yfirgripsmikil þekking og reynsla af stuðnings- og nýsköpunarumhverfinu á Íslandi sem ætti að vera til staðar í verkefnishópnum og lagði til virkt samtal við SSP eða að samtökin skipi fulltrúa í hópinn.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar nr. 10/148 um fjármálastefnu 2018-2022, 968. mál

SSP fagnaði áherslum um aukna fjárfestingu í nýsköpun og benti jafnframt á að vannýtt tækifæri væru fólgin í aukinni fjárfestingu í rannsóknum og þróun, til dæmis með því að auka fjármagn til Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. SSP benti á að árangurshlutfall Tækniþróunarsjóðs hafi einungis verið 8% í síðustu úthlutun en oft hafi það verið um 20% og að meðaltali sé sjóðurinn að hafna um 75% verkefna með A einkunn. SSP benti á tækifæri fyrir hið opinbera að fjárfesta í stuðningsátaki í markaðssetningu og sölu fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki sem gæti hraðað aukningu gjaldeyrisstekna og verðmætra starfa.



Mynd 3: Heildarfjöldi umsókna með topp einkunn, styrkt og veitt (t.v.) og heildarfjöldi umsókna í sjóðinn og árangurshlutfall (t.h.).

29. október - fundur með Viðreisn

Þingflokkur Viðreisnar bauð fulltrúum frá Samtökum sprotafyrirtækja á fjarfund til að fara yfir stöðu málefna sprota. Íris og Kristinn mættu og frá Viðreisn mættu Jón Steindór Valdimarsson, Hanna Katrín Friðriksson, Guðlaugur Kristmundsson og María Rut Kristinsdóttir. Rætt var um stuðningsumhverfi sprotafyrirtækja og hvernig mætti nýta það betur til atvinnusköpunar. SSP mundi vilja að Tækniþróunarsjóður fái nægt fjármagn til að veita 28% umsækjenda styrk, sem svarar til meðalfjölda umsókna með A1-A2 í einkunn sem mundi kosta um 6 milljarða á ári. Lofað var ríkulegri uppskeru. Viðhorf til nýsköpunar og sprotafyrirtækja var rætt en þau eru sett í samhengi við mikla áhættu og að það taki fyrirtækin langan tíma að búa til verðmæti. Í ljós hefur komið að fjárfestingar sem teljast öruggar, eins og flugfélög og bankar, eru ekki endilega öruggari fjárfesting en handfylli af nýsköpunarfyrirtækjum og umræðan um áhættuna við fjárfestingu í sprotafyrirtækjum því ekki alltaf réttmæt. Einnig beri að horfa til ófjárhagslegra verðmæta sem fyrirtækin skapa, hvernig þau eiga þátt í

að auka fjölbreytni atvinnulífsins, gera hagkerfið minna viðkvæmt fyrir sveiflum og í síauknum mæli snúa lausnir sprotafyrirtækja að lausnum á alþjóðlegum áskorunum sem tengjast heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Verðmætin sem sprotafyrirtæki búa til eru því meiri en störf til framtíðar og gjaldeyristekjur, heldur lausnir á vandamálum framtíðarinnar og áhættudreifing sem felst m.a. í aukinni fjölbreytni atvinnugreina. SSP nefndi að það krefst kjarks að þora að setja stefnuna á nýsköpun og sprotafyrirtæki og þar með mögulega skara af köku einstaka hefðbundinna atvinnugreina. Með aukningu á endurgreiðslu vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar úr 20% í 35% var stórt skref stigið í þágu nýsköpunar. SSP lögðu áherslu á að úrræðin verði til frambúðar og að það verði ákveðið sem fyrst svo fyrirtæki þurfi ekki að segja upp starfsfólki vegna óvissu. Já, það var greinilega mikið spjallað á þessum fundi og áhugavert verður að sjá hvort áherslurnar ná í stefnumótun flokksins fyrir kosningar.

8. nóvember - Frétt í Kjarnanum: „Skilmálar Stuðnings-Kríu mæta gagnrýni“

Í frétt Kjarnans er fjallað um skilmála lána til sprotafyrirtækja í úrræðinu Stuðnings-Kríu. Þau eru til þriggja ára, bera 10% vexti, auk þess sem kröfuhafar fá 20% afslátt á hlutum í fyrirtækinu. Lánið inniheldur einnig breytirétt, sem gerir kröfuhöfum kleift að kaupa hlut í fyrirtækinu á einni krónu á hlut ef lánið greiðist ekki að fullu innan þriggja ára, en það getur orðið til þess að frumkvöðull og aðrir hluthafar missi fyrirtækið, jafnvel þótt lítil skuld hvíli á því. Kjarninn vitnar í minnisblað SSP um málið.

Slóð: <https://kjarninn.is/frettir/2020-11-07-skilmalar-studnings-kriu-maeta-gagnrnyi/>

Fundur með Strawberry Capital

Stjórnin fundaði með Strawberry capital um Kríu úrræðið og þau mál þar sem hagsmunir sprotafyrirtækja og VC sjóða liggja saman. Tíðari úthlutun er til dæmis mikilvæg en í núverandi reglugerð er úthlutun einu sinni á ári. Umsögn SI um lagafrumvarpið var rædd, en í henni var ein athugasemd sem snýr að meginstarfsemi sjóða (eða banka) sem eru gjaldgengir í úrræðið. SSP hefði viljað koma skilaboðum í umsögn SI.

Samstarf SSP og SI

Eðli Samtaka sprotafyrirtækja er að vera lítil þar sem aðildarfélög sem ná árangri vaxa upp úr SSP. Reglulega komu upp vangaveltur um hvort SSP ná meiri árangri innan eða utan SI og hvort rödd SSP fái að heyrast nógu hátt innan samtakanna. Ítrekað komu upp aðstæður þar sem spurningunni var velt upp og ákvað formaður því að boða til stefnumótunarfundar til að útkljá þetta málefni, allavega um sinn. Stjórnin hittist í 27. janúar 2021, nýtti þau verkfæri sem hún þekkir og gerði SVÖT greiningu á vandamálinu. Ein af niðurstöðum fundarins var að Samtök sprotafyrirtækja séu sterkari innan SI að ákveðnum forsendum gefnum, en að sjálfstæði SSP og tjáningarfrelsi þurfi að vera óskert. Komandi stjórn þarf að fylgja þessari vinnu eftir.

Stefnumálum sem var náð

Það var einstaklega ánægjulegt að sjá svo mörgum stefnumálum SSP náð á árinu. Venjan er að halda stefnumótunarfund á um 3ja ára fresti þar sem aðildarfélögum SSP ásamt breiðum hópi fólks úr háskólasamfélaginu, sprotaumhverfinu og fjárfestingaumhverfinu er boðið að taka þátt. Síðasti fundur var í maí 2018 og tími kominn á nýja stefnumótun 2021. Það er einstaklega gaman að sjá hve miklum árangri hefur verið náð í umbótum á stuðningsumhverfi fyrir sprotafyrirtæki. Hér er listi af áherslumálum sem árangur hefur náðst í:

- Fjármögnunarumhverfi sprota stórbætt.
 - Lífeyrissjóðir hafa fengið aukna heimild til að fjárfesta í nýsköpun sem er að skila sér í fjölgun VC sjóða á Íslandi
 - Sjóðasjóðnum Kríu hefur verið komið á, sem hvetur til enn frekari til sjóðamyndunar
 - Neyðarlán voru veitt til sprotafyrirtækja gegnum Stuðnings-kríu.
 - Endurgreiðsla vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar var hækkaði úr 20% í 35%. Þak á endurgreiðslu var hækkað sem gagnast stærri nýsköpunarfyrirtækjum.
 - Fjármögnun Tækniþróunarsjóðs á fjárlögum fóru úr um 2 ma. í 3 ma. kr.
 - Skattvæðing vegna fjárfestinga í sprotafyrirtækjum var aukin. Nú dregst 75% af fjárfestingu frá skattstofni en áður var það 50%

- Bættur stuðningur við markaðsmál
 - Íslandsstofa er komin með sérstakan fulltrúa fyrir nýsköpunarmál og framundan eru stór verkefni sem snúa að markaðssetningu Íslands sem nýsköpunarlandi og í farvatninu er aukið norrænt og alþjóðlegt samstarf. Sjá Business Iceland.
 - Tækniþróunarsjóður er að skoða leiðir til að auka upphæð markaðsstyrk innan regluverks Evrópusambandsins.
- Umsóknarferli í Tækniþróunarsjóð
 - Eins og fram kom áðan er útlit fyrir að sjóðurinn verði kvikari með breyttu umsóknarferli og núþegar er búið að opna á umsóknir í styrktarflokkinn Fræ allt árið. Einnig hefur afgreiðslutími umsókna farið úr 3 mánuðum í 2 og má vera að það verði enn styttra með breyttu umsóknarferli.
- Hagtölur sprotafyrirtækja. Stjórnvöld stefna nú á að mæla hagtolur nýsköpunar.

Verkefni framundan

Meðal þeirra verkefni framundan eru:

- SSP mundi vilja að Tækniþróunarsjóður fái nægt fjármagn til að veita 28% umsækjenda styrk, sem svarar til meðalfjölda umsókna með A1-A2 í einkunn. Það mundi kosta um 6 ma. á ári.
- Varðveita árangur um hækkun endurgreiðslu og heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestingar í nýsköpun.
- Kynna þarf skattvæðingun vegna fjárfestinga í sprotafyrirtækjum, úrræðið er vannýtt.
- Þar sem stjórn er búin að ná flestum stefnumálum er tímabært að halda nýjan stefnumótunarfund. Einnig hefur verið rætt um að halda betur utan um stefnumálin og hefja hvern stjórnarfund á því að fara yfir stöðu þeirra, eins og hefur verið gert áður.
- Styrkja samtökin með fjölgun félagsmanna. Hugmyndir eru uppi um aukið gegnsæi í starfi SSP, opinbera stefnuýfirlýsingu samtakanna og sjálfstæða vefsíðu fyrir samtökin sem lið í þessu átaki.

Einnig þarf að fylgja eftir áhrifum lokunar Nýsköpunarmiðstöðvar og fylgjast með hvort þjónustan sem boðið var upp á haldi áfram að vera til.

Formaður þakkar samstarfið á liðnu ári.

Fyrir hönd stjórnar Samtaka sprotafyrirtækja,
Íris Ólafsdóttir, formaður